

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir**  
**gegn alvarlegum mannréttindabrotum, nr. 466/2021.**

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliður skal bætast við 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar, í réttri númeraröð:

1.4 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2469 frá 4. desember 2025 um breytingu á ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/1999 um þvingunaraðgerðir gegn alvarlegum mannréttindabrotum, sbr. fylgiskjal 1.4.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 5. mars 2026.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

---

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 1.4.**

**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/2469**  
**frá 4. desember 2025**  
**um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2020/1999 um þvingunaraðgerðir**  
**gegn alvarlegum mannréttindabrotum**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 7. desember 2020 samþykki ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2020/1999 <sup>(1)</sup>.
- 2) Á grundvelli endurskoðunar viðaukans við ákvörðun (SSUÖ) 2020/1999 ætti að framlengja ráðstafanirnar, sem settar eru fram í 2. og 3. gr. þeirrar ákvörðunar, til 8. desember 2026 að því er varðar einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem eru á skrá í viðaukanum. Uppfæra ætti færslur 27 einstaklinga og 12 rekstrareininga á skrá í viðaukanum.
- 3) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2020/1999 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun (SSUÖ) 2020/1999 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 1. mgr. 10. gr. fellur annar málslíður brott.
- 2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 4. desember 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti*

T. DANIELSEN

---

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/1999 frá 7. desember 2020 um þvingunaraðgerðir gegn alvarlegum mannréttindabrotum (Stjtið. ESB L 410 I, 7.12.2020, bls. 13, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2020/1999/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <https://data.europa.eu/eli/dec/2025/2469/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukana öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: [https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)